

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140100316/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Naustabraut og þjónustusvæði.


Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018, Naustabraut, svæði fyrir þjónustustofnanir og verslun og þjónustu í Naustahverfi.


Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að við framlengingu Naustabrautar verður legu um Naustagil breytt, þ.e. brautin sveigð til vesturs og í stað brúar kemur fylling. Um leið er sveigt hjá fornminjum. Einnig er tillaga um að minnka reit fyrir þjónustustofnanir og þess í stað skilgreina það svæði sem svæði fyrir þjónustu.

Áhrifamat og umhverfisskýrsla

Fram kemur í lýsingu að með breyttri legu Naustabrautar og fyllingu í stað brúar verði áhrif á landslag meira neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í umhverfismati hvernig umhverfisáhrif af nýrri legu brautarinnar og uppfyllingar í stað brúar á Naustagili, eru samanborið við eldri áætlun. Einnig er mikilvægt að fram komi hvernig svæði fyrir verslun og þjónustu fer saman við græna svæðið við Naustagötu og einnig hvernig það fer saman við starfsemi á svæði fyrir þjónustustofnanir. Einnig er mikilvægt að fram komi hvort og hve mikið grænasvæðið við Naustagötu rýrnar við breytinguna.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun